# ÁRSREIKINGUR 2009



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

# Efnisyfirlit

Bls.


Staðfesting ársreiknings .................................................................................................... 3
Áritun endurskoðenda .................................................................................................... 4
Rekstrarreikningur .................................................................................................... 5
Efnahagsreikningur .................................................................................................... 6
Sjóðstreymi .................................................................................................... 7
Skýringar .................................................................................................... 8

# Skýrsla framkvæmdastjórnar Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2009

Landspítali (LSH) starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, læknalögum nr. 53/1988, hjúkrunarlögum nr. 8/1974, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996, lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þríþættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónusta við sjúklinga, menntun í heilbrigðisvísindum og rannsóknir. Spítalinn leggur jafnframt áherslu á velferð starfsmanna sinna. Á árinu 2009 störfuðu að meðaltali 4.863 manns á LSH í um 3.899 stöðugildum eða ársverkum.

Á árinu 2009 var ársveltan um 41.085 m. kr. Rekstrargjöld voru 1.338 m. kr. umfram sértekjur og ríkisframlag ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur ójafnað eigið fé spítalans 2.960 m. kr. í árslok 2009. Eignir spítalans nema 2.297 m. kr. en skuldir nema 5.077 m. kr. Þar af er skuld Landspítala við ríkissjóð 1.477 m. kr. í lok árs.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs staðfesta ársreikning Landspítala fyrir árið 2009 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Reykjavík, 12. apríl 2010.

| | |
|---|---|
| Björn Zoëga | Anna Lilja Gunnarsdóttir |
| forstjóri | framkvæmdastjóri |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Áritun endurskoðenda

Til Landspítala og heilbrigðisráðuneytis.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landspítala fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

***Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum***
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

***Ábyrgð endurskoðenda***
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Álit***
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landspítalans á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 12. apríl 2010.

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Brynja Pétursdóttir
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur árið 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Þjónustutekjur | 13 | 2.400.633 | 2.118.623 |
| Aðrar tekjur | 14 | 1.111.728 | 834.303 |
| S-merkt lyf, sala til SÍ | 15 | 3.681.837 | 0 |
| S-merkt lyf, vörunotkun | 12, 15 | ( 3.600.434) | |
| **Tekjur samtals** | | 3.593.764 | 2.952.926 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 16 | 26.701.052 | 26.103.912 |
| Vörunotkun | 17 | 6.541.201 | 5.562.488 |
| S-merkt lyf, vörunotkun | 15 | | 3.069.038 |
| Aðkeypt þjónusta og leigugjöld | 18 | 3.454.606 | 3.323.177 |
| Annar rekstrarkostnaður | 19 | 1.010.567 | 1.243.447 |
| | | 37.707.426 | 39.302.062 |
| Stofnkostnaður og endurbætur | 20 | 1.019.761 | 999.035 |
| **Gjöld samtals** | 12 | 38.727.187 | 40.301.097 |
| Tekjuhalli án fjármagnsliða | | ( 35.133.423) | ( 37.348.171) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 21 | ( 95.417) | ( 236.754) |
| **Tekjuhalli fyrir ríkisframlag** | | ( 35.228.840) | ( 37.584.925) |
| Ríkisframlag | 10, 22 | 33.890.400 | 36.399.100 |
| **Tekjuhalli ársins** | 10 | ( 1.338.440) | ( 1.185.825) |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| **Eignir** | **Skýr.** | **2009** | **2008** |
|---|---|---|---|
| **Áhættufjármunir** | | | |
| Hlutabréf | 23 | 2.500 | 2.500 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 6, 24 | 579.307 | 550.328 |
| Skammtímakröfur | 7, 25, 26 | 1.699.435 | 1.182.288 |
| Handbært fé | 8 | 15.948 | 46.404 |
| Veltufjármunir | | 2.294.690 | 1.779.019 |
| **Eignir samtals** | | 2.297.190 | 1.781.519 |

## Skuldir og eigið fé

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| **Höfuðstóll** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | ( 1.622.008) | ( 436.183) |
| Tekjuhalli ársins | | ( 1.338.440) | ( 1.185.825) |
| Ójafnað eigið fé | 10 | ( 2.960.448) | ( 1.622.008) |
| **Annað eigið fé** | | | |
| Framlag til eignamyndunar | | 180.494 | 180.494 |
| Annað eigið fé | | 180.494 | 180.494 |
| Eigið fé samtals | | ( 2.779.954) | ( 1.441.514) |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ríkissjóður | 27 | 1.476.965 | 1.503 |
| Viðskiptaskuldir | 11, 28 | 3.600.179 | 3.221.530 |
| Skammtímaskuldir | | 5.077.144 | 3.223.033 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 2.297.190 | 1.781.519 |
| Eignir utan efnahagsreiknings | 31 | | |
| Skuldbindingar utan efnahagsreiknings | 32 | | |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2009

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Veltufé til reksturs: | | |
| Tekjuhalli ársins............................................................... | ( 1.338.440) | ( 1.185.825) |
| **Veltufé til reksturs** | ( 1.338.440) | ( 1.185.825) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Birgðir, (hækkun)............................................................. | ( 28.979) | ( 39.510) |
| Skammtímakröfur, (hækkun)............................................ | ( 517.147) | ( 59.632) |
| Viðskiptaskuldir, hækkun................................................. | 378.649 | 1.319.050 |
| | ( 167.477) | 1.219.908 |
| **Handbært fé til reksturs** | ( 1.505.917) | 34.084 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð: | | |
| Framlag ríkissjóðs............................................................ | ( 33.890.400) | ( 36.399.100) |
| Greitt úr ríkissjóði............................................................ | 35.365.862 | 36.389.430 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | 1.475.462 | ( 9.670) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé .................................... | ( 30.456) | 24.414 |
| Handbært fé í ársbyrjun ................................................... | 46.404 | 21.990 |
| **Handbært fé í lok ársins** | 15.948 | 46.404 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum skulu ríkisstofnanir í A-hluta ekki eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur gjaldfæra þá á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda. Heimilda hefur verið aflað vegna þeirra langtímaskuldbindinga, sem getið er í þessum ársreikningi.

### 2. Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

### 3. Skattar

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt.

### 4. Skráning tekna

Sértekjur spítalans eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjáraukalaga.

### 5. Skráning gjalda

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

### 6. Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

### 7. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi kröfum.

### 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

### 9. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

## 10. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs 2.952 m. kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2009 í meðfylgjandi sundurliðun.

| | | |
|---|---|---|
| Ójafnað eigið fé 1. janúar 2009 | | ( 1.622.008) |
| Rekstrarhalli fyrir ríkisframlag | ( 35.228.840) | |
| Ríkisframlag ársins | 33.890.400 | |
| Tekjuhalli ársins | ( 1.338.440) | ( 1.338.440) |
| **Ójafnað eigið fé 31. desember 2009** | | **( 2.960.448)** |

## 11. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

## Sundurliðanir og skýringar

## 12. Starfsþáttagreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi sjúkrahússins árið 2009 skiptist það í 13 aðskildar rekstrareiningar. Viðhalds- og stofnkostnaður, tækjakaup og innkaupakostnaður vegna S-merktra lyfja er meðtalinn í kostnaði utan sviða. Kostnaður rekstrareininga spítalans árið 2009 greinist sem hér segir:

| | **2009** | **2008** |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 338.525 | 356.093 |
| Mannauðssvið | 292.111 | 290.535 |
| Fjármálasvið | 634.407 | 625.965 |
| Eignasvið | 4.329.993 | 4.221.988 |
| Vísinda-, mennta og gæðasvið | 319.162 | 272.684 |
| Lyflækningasvið | 9.183.774 | 8.815.475 |
| Skurðlækningasvið | 8.409.793 | 7.851.644 |
| Geðsvið | 3.116.838 | 2.949.805 |
| Kvenna- og barnasvið | 3.483.517 | 3.330.271 |
| Rannsóknarsvið | 3.976.687 | 3.812.281 |
| Bráðasvið | 1.915.247 | 1.827.176 |
| Apótek | 336.104 | 328.313 |
| Klínísk stoðþjónusta framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar | 1.575.739 | 1.696.981 |
| | 37.911.897 | 36.379.210 |
| Utan sviða | 4.415.723 | 3.921.887 |
| **Samtals** | 42.327.620 | 40.301.097 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## 13. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu hækka frá árinu 2008 um 13,3%.

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Rannsóknir | 1.219.022 | 1.049.972 |
| Komur á göngudeildir og bráðadeildir | 498.252 | 418.554 |
| Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum | 159.957 | 220.368 |
| Sérfræðiþjónusta, önnur | 349.363 | 260.728 |
| Hjálpartæki og önnur seld þjónusta | 174.039 | 169.001 |
| **Samtals** | 2.400.633 | 2.118.623 |

## 14. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Aðrar tekjur hækka um 33,3% á milli ára og stafar hækkunin helst af því að Landspítali tók á árinu að sér rekstur Sogns og fékk greitt fyrir það verkefni með sértekjum.

| | | |
|---|---|---|
| Selt fæði | 131.014 | 104.934 |
| Rannsókna- og þróunarverkefni | 125.117 | 206.483 |
| Önnur seld þjónusta | 109.196 | 91.737 |
| Framlög opinberra aðila | 354.458 | 130.766 |
| Framlög og gjafir | 48.271 | 60.750 |
| Vörusala | 68.181 | 77.268 |
| Leigutekjur | 99.359 | 93.828 |
| Aðrar tekjur | 176.132 | 68.537 |
| **Samtals** | 1.111.728 | 834.303 |

## 15. S-merkt lyf:

Í ársbyrjun 2009 yfirtóku Sjúkratryggingar Íslands ábyrgð á S-merktum lyfjum sjúklinga. Landspítali annast þó innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ. Áður hafði Landspítali borið ábyrgð á þessum lyfjaflokki og fengið fjárheimild á móti á fjárlögum.

| | | |
|---|---|---|
| S-merkt lyf, sala til SÍ án vsk og álagningar | 3.600.299 | 0 |
| S-merkt lyf, álagning | 81.538 | 0 |
| S-merkt lyf, vörunotkun | (3.600.434) | (3.069.038) |
| **Samtals** | 81.403 | (3.069.038) |

## 16. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala hækka um 2,3% frá fyrra ári.

| | | |
|---|---|---|
| Dagvinnulaun | 15.680.611 | 14.774.066 |
| Yfirvinna | 2.244.660 | 3.028.408 |
| Álagsgreiðslur | 3.550.423 | 3.323.634 |
| Önnur laun | 511.618 | 527.625 |
| Launatengd gjöld | 4.713.740 | 4.450.179 |
| **Samtals** | 26.701.052 | 26.103.912 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 3.899 að meðaltali á árinu 2009, en þau voru til samanburðar 3.872 á árinu 2008. Aukning hefur því orðið á stöðugildum á árinu. Á árinu 2009 voru 4.863 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 4.926 á árinu 2008. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

## 17. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Vörunotkunin hækkar um 17,5% á milli ára. Verðlags- og gengishækkanir hafa hér mikil áhrif. Í skýringu nr. 24 má sjá vörubirgðir í lok áranna 2008 og 2009.

| | **2009** | **2008** |
|---|---|---|
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | 2.896.311 | 2.373.880 |
| Önnur lyf | 1.451.479 | 1.274.236 |
| Rannsóknavörur | 890.039 | 719.602 |
| | 5.237.829 | 4.367.718 |
| | | |
| Matvæli | 560.385 | 527.063 |
| Orkugjafar | 256.030 | 245.555 |
| Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur | 220.294 | 173.905 |
| Byggingavörur | 110.803 | 101.625 |
| Lín, fatnaður og hreinlætisvörur | 155.860 | 146.622 |
| | 1.303.372 | 1.194.770 |
| | | |
| **Samtals** | 6.541.201 | 5.562.488 |

## 18. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 3.454,6 m. kr. á árinu 2009. Þessi liður hækkar um 4% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup auk leigu- og leyfisgjalda.

| | | |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 1.210.365 | 999.928 |
| Verkkaup | 778.052 | 785.391 |
| Leigu- og afnotagjöld | 740.525 | 684.693 |
| Ferðir, fundir, risna o.fl. | 267.003 | 306.398 |
| Aðkeyptur akstur | 273.037 | 260.329 |
| Flutningaþjónusta | 84.953 | 119.122 |
| Annað | 100.671 | 167.316 |
| **Samtals** | 3.454.606 | 3.323.177 |

## 19. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum búnaði og minniháttar tækjum. Kostnaðurinn lækkar um 18,7% milli ára. Lækkun á liðnum tæki, áhöld og varahlutir stafar einkum af breyttum bókunaraðferðum við færslu stofnkostnaðar.

| | | |
|---|---|---|
| Opinber gjöld og tryggingar | 383.380 | 365.734 |
| Framlag til rannsókna | 106.894 | 136.354 |
| Tæki, áhöld, varahlutir | 411.372 | 671.486 |
| Ýmiss óreglulegur kostnaður | 108.921 | 69.873 |
| **Samtals** | 1.010.567 | 1.243.447 |

## 20. Stofnkostnaður og endurbætur:

Stofnkostnaður spítalans felur í sér nýkaup á margs konar tækjabúnaði og á fasteignum, ásamt endurbótum á húseignum og lóðum. Hækkun á liðnum tækjakaup stafar að hluta af breyttum bókunaraðferðum, sbr. skýringu númer 19.

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Tækjakaup | 750.688 | 458.713 |
| BUGL | 22.546 | 165.919 |
| Hjartaþræðingarstofa | 572 | 59.531 |
| Slysa- og bráðamóttaka | 34.711 | 44.503 |
| Landakot, stigahús | 2.651 | 25.886 |
| Viðbygging, gjörgæsludeild | 64.689 | 12.402 |
| Endurnýjun 22A | 76.266 | 0 |
| Endurnýjun, A-4 | 22.249 | 0 |
| Hringurinn sölubúð | 16.258 | 0 |
| Endurinnrétting, hús 14 | 14.122 | 0 |
| Rjóður, stækkun | 7.485 | 0 |
| Dauðhreinsun, Tunguháls | 6.604 | 0 |
| Endurnýjun bæklunarskurðdeild A5 | 0 | 87.918 |
| Endurinnrétting 23-A | 0 | 63.866 |
| Endurnýjun hús 9 | 0 | 34.173 |
| Innrétting húðdeildar | 0 | 26.715 |
| Endurnýjun 10-E | 0 | 10.357 |
| Annað | 920 | 9.052 |
| **Samtals** | 1.019.761 | 999.035 |

## 21. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Erfið greiðslustaða Landspítala vegna rekstrarhalla og uppsafnaðs halla fyrra árs leiðir til þess að spítalinn þarf oftsinnis að greiða birgjum dráttarvexti vegna vanskila. Breytt bókunaraðferð gerir það að verkum að stærri hluti gengismunar úr vörustýringu bókast sem innkaupakostnaður en áður. Breytt gjaldfærsla vegna þessa gengismunar var 75,3 m. kr. árið 2009. Vaxtatekjur spítalans eru einkum af kröfum á skuldunauta. Þær kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í árslok vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 26.

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 110.515 | 78.926 |
| Gengismunur | 3.279 | ( 105.451) |
| Vaxtagjöld | ( 209.211) | ( 210.229) |
| **Samtals** | ( 95.417) | ( 236.754) |

## 22. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2009 voru Landspítala ætlaðar 32.731,2 m. kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjáraukalögum 2009 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 1.159,2 m. kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2009 voru því samtals 33.890,4 m. kr.

| | Fjárlög | Fjár-heimildir | Árs-reikningur | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | ( 25.971.600) | ( 26.329.262) | ( 26.701.052) | ( 371.790) |
| Önnur rekstrargjöld og vextir | ( 8.838.800) | ( 9.904.326) | ( 11.101.791) | ( 1.197.465) |
| Stofnkostnaður og endurbætur | ( 743.400) | ( 1.007.380) | ( 1.019.761) | ( 12.381) |
| Sértekjur | 2.822.600 | 3.350.568 | 3.593.764 | 243.196 |
| **Samtals** | ( 32.731.200) | ( 33.890.400) | ( 35.228.840) | ( 1.338.440) |

## 23. Hlutabréf:
Hlutafjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókna- og háskólaneti Íslands hf.

## 24. Vörubirgðir:
Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 5,3% milli áranna 2008 og 2009. Birgðir í árslok 2009 eru metnar á kostnaðarverði, eftir 7,5% niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

| | 31.12.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | 178.233 | 156.665 |
| Lyf | 83.294 | 142.276 |
| Rannsókna- og röntgenvörur | 271.161 | 206.678 |
| Rekstrarvörur | 29.383 | 30.123 |
| Matvæli | 17.236 | 14.586 |
| **Samtals** | 579.307 | 550.328 |

## 25. Skammtímakröfur:
Skammtímakröfur eru einkum vegna seldrar þjónustu til Sjúkratryggingar Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta í árslok.

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Heilbrigðisstofnanir | 877.684 | 579.949 |
| Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands | 216.243 | 150.561 |
| Einstaklingar | 350.579 | 332.617 |
| Fyrirtæki og ýmsar stofnanir | 363.782 | 209.656 |
| Aðrar kröfur | 109.592 | 69.406 |
| **Kröfur samtals** | 1.917.880 | 1.342.189 |
| Niðurfærsla krafna | (218.445) | (159.901) |
| | 1.699.435 | 1.182.288 |

## 26. Niðurfærsla viðskiptakrafna:
Viðskiptakröfur spítalans í árslok eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Niðurfærslureikningur 1. janúar 2009 | 159.901 |
| Gjaldfærðar afskrifaðar tapaðar kröfur 2009 | ( 67.277) |
| Framlag í niðurfærslureikning 2009 | 125.821 |
| Niðurfærslureikningur 31. desember 2009 | 218.445 |

## 27. Ríkissjóður:
Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Í árslok nam skuld spítalans við ríkissjóð tæpum 1.477 m. kr. Staða og hreyfingar í þessum viðskiptum við ríkissjóð voru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2009 | (1.503) |
| Ríkisframlag | 33.890.400 |
| Mótteknar greiðslur | (35.365.862) |
| Staða 31. desember 2009 | ( 1.476.965) |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 28. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

## 29. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2005-2009. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 3.594 | 2.953 | 2.867 | 2.327 | 2.185 |
| Gjöld | (37.803) | (39.539) | (34.987) | (31.644) | (28.127) |
| Stofnkostnaður og eignakaup | (1.020) | (999) | (844) | (556) | (903) |
| Gjöld umfram tekjur | (35.229) | (37.585) | (32.964) | (29.873) | (26.845) |
| Ríkisframlag samtals | 33.890 | 36.399 | 33.305 | 29.583 | 27.391 |
| Tekjuafgangur (halli) ársins | (1.338) | (1.186) | 341 | (290) | 546 |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Áhættufjármunir | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Veltufjármunir | 2.294 | 1.779 | 1.655 | 1.375 | 1.229 |
| Eignir samtals | 2.297 | 1.782 | 1.658 | 1.378 | 1.232 |
| Höfuðstóll | (2.960) | (1.622) | (436) | (777) | (487) |
| Annað eigið fé | 180 | 180 | 180 | 180 | 180 |
| Skammtímaskuldir | 5.077 | 3.223 | 1.914 | 1.975 | 1.539 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 2.297 | 1.782 | 1.658 | 1.378 | 1.232 |

## 30. Sérsjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sérsjóðum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu, reglubundna skráningu gjaldareikninga í fjárhagsbókhald og tekjuskráningu, auk launabókhalds.

Þessa sérsjóði má í megindráttum flokka í tvennt:

*Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur*

Í þessum flokki eru 54 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Landspítalasjóð Íslands, Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg og Tækjakaupasjóð barnasviðs. Bankareikningar sem tilheyra þessum sjóðum eru samtals 52 og innstæða í árslok 2009 nam samtals 339,4 m. kr.

*Rannsóknar- og vísindaverkefni*

Fjölmargir einstaklingar eru skráðir fyrir sérsjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara sjóða er 191. Innstæður á einstökum bankareikningum er mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum þúsundum króna til 30 m.kr. Samtals voru innstæður á þessum reikningum í árslok 2009 um 452,6 m. kr.

## 31. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala eru ekki eignfærðir í efnahagsreikningi, sem er í samræmi við ákvæði um A-hluta stofnanir í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í árslok 2009.

| | Fasteignamat | Brunabótamat |
|---|---|---|
| Hringbraut | 9.254.962 | 11.545.250 |
| Fossvogur | 4.827.090 | 6.823.280 |
| Landakot | 1.343.750 | 1.789.160 |
| Kópavogur | 1.255.770 | 953.000 |
| Kleppur | 1.800.231 | 1.298.019 |
| Vífilsstaðir | 730.961 | 1.124.074 |
| Grensás | 641.050 | 964.200 |
| Arnarholt | 183.458 | 481.110 |
| Tunguháls | 408.450 | 457.000 |
| Sogn | 83.092 | 261.200 |
| Sumarhús starfsmanna | 129.616 | 188.218 |
| Aðrar eignir | 1.895.780 | 2.145.114 |
| **Samtals** | 22.554.210 | 28.029.625 |

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir LSH utan efnahagsreiknings eru fyrst og fremst ýmis konar tæki og háþróaður búnaður, sem tengist starfsemi spítalans. Í skýringu nr. 32 má til hliðsjónar sjá þær skuldbindingar sem hvíla á LSH í árslok vegna kaupa á margs konar tækjabúnaði. Haldin er eignaskrá í samræmi við ákvæði laga.

## 32. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

*Orlof og annar launatengdur frítímaréttur*

Óúttekið áunnið orlof starfsmanna fyrir tímabilið maí til desember 2009 hefur verið reiknað sérstaklega, en er ekki fært í ársreikninginn samkvæmt reikningsskilavenjum hjá ríkisstofnunum. Sama á við um sérstakan frítökurétt starfsmanna spítalans. Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir skuldbindingum spítalans vegna áunnins orlofs og annarra réttinda starfsmanna til frítöku í árslok 2009. Þessar skuldbindingar eru reiknaðar að meðtöldum launatengdum gjöldum.

| | 31.12.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Sumarorlof | 2.143.722 | 1.832.197 |
| Hvíldartímafrí | 485.693 | 501.675 |
| Vaktafrí og annar áunninn frítími | 207.989 | 203.718 |
| | 2.837.404 | 2.537.590 |

*Samningar*

Sjúkrahúsið hefur gert eignaleigu- og rekstrarleigusamninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum en eftirstöðvar þeirra skuldbindinga eru yfirleitt ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru almennt gjaldfærðar við greiðslu. Eigna- eða rekstrarleigusamningar eru í nær öllum tilvikum gerðir í erlendri mynt og því er talsverð gengisáhætta samfara þessum skuldbindingum. Auk þessara fjármögnunarsamninga hefur spítalinn gert margs konar skuldbindandi hugbúnaðar- og þjónustusamninga vegna upplýsingakerfa. Gerð er grein fyrir helstu flokkum þessara skuldbindinga á núvirði og greiðslubyrði vegna þeirra næstu þrjú árin í meðfylgjandi yfirliti.

| | Skuldbinding | Til greiðslu | | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
| Tölvubúnaður .......................................... | 195.466 | 104.182 | 46.362 | 43.745 |
| Lækningatæki og annar tækjabúnaður ..... | 978.237 | 317.215 | 237.932 | 178.084 |
| Samtals vegna tækja | 1.173.703 | 421.397 | 284.294 | 221.829 |
| Hugbúnaðar- og þjónustusamningar ........ | 673.766 | 220.223 | 220.223 | 218.785 |
| **Samtals** | **1.847.469** | **641.620** | **504.517** | **440.614** |

*Húsaleiga*

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 680,5 m. kr. í árslok 2009.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS